

97

1. júní

32. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð nr. 21 8. apríl 1937 fyrir Hólmavíkurkaupún, ásamt breytingu á henni.

Samgöngumálaráðuneytið, 1. júní 1951.

F. h. r.

Páll Pálmason.

Brynjólfur Ingólfsson.

98

4. júní

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð frá 7. nóv. 1945, um sölu og veitingar áfengis, er um ræðir í lögum nr 33 9. jan. 1935 og lögum nr 3 4. apríl 1923.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilit að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi.

2. gr.

Þeim, sem leyfi fá til framleiðslu slíks öls, er óheimilt að veita, selja eða láta ölið af hendi til annarra en umboðsmanna yfirstjórnar hins erlenda varnarliðs hér á landi.

3. gr.

Fyrst um sinn þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, greiðist framleiðslutollur af öli þessu samkvæmt 4. kafla 3. töluliðs 2. greinar laga nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og fer um innheimtu gjaldsins samkvæmt téðum lögum, sbr. reglugerð nr. 9 1935.

4. gr.

Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skipa sinn manninn hvor til að hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

5. gr.

Fyrir brot gegn ákvæðum laga 24. maí 1951 og ákvæðum þessarar reglugerðar skal refsa samkvæmt 15. gr. laga nr. 33 9. janúar 1935, sbr. 33. gr. sömu laga.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 67 24. maí 1951, um breyting á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, öðlast þegar gildi.

Reglugerð nr. 179 7. nóv. 1940 er úr gildi felld.

Í dómsmálaráðuneytinu, 4. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.